

130. löggjafarþing 2003-2004.
Þskj. 963 - 646. mál.

**Munnlegt svar
við fyrirspurn frá Margréti Frímannsdóttur
um framtíð sjúklinga á Arnarholti.**

Virðulegi forseti

Háttvirtur þingmaður Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um framtíð sjúklinga á Arnarholti, en sem kunnugt er hefur í tillögum Landspítala - háskólasjúkrahúss mátt sjá tillögur um að breyta verulega starfsemi á Arnarholti og ná þar nokkurri rekstrarlegri hagræðingu. Er þar gert ráð fyrir flutningi vistmanna til annarra deilda, svo sem legudeildar á Landakoti eða til Kleppspítala.

Af hálfu Landspítalans hefur verið lagt mat á þessa aðgerð, m.a. um aukin félagsleg úrræði fyrir suma þessa einstaklinga.

Vegna þessara tillagna Landspítalans ákvað ég að setja á laggirnar starfshóp til þess að fara yfir og fjalla um þá starfsemi og þá skjólstæðinga sem nú vistast í Arnarholti. Hópnun var reyndar einnig ætlað að gera svipaða athugun á þeim sem vistuðust á Landspítala - háskólasjúkrahúsi í Kópavogi og fá þar meðferð.

Hópurinn skyldi sérstaklega skoða tengsl og fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu og félagslegrar þjónustu þessara einstaklinga og með hvaða hætti þessari þjónustu væri best fyrir komið. Hópnun var einnig ætlað að skoða frekari möguleika þessari þjónustu væri best fyrir komið. Hópnun var einnig ætlað að skoða frekari möguleika um framtíðaruppbyggingu á báðum þessum stöðum, þ.e.a.s. bæði í Arnarholti og í Kópavogi. Er þar horft bæði til hugsanlegrar þjónustu á sviði heilbrigðismála og félagsmála.

Hópurinn hefur þegar tekið til starfa en hefur í upphafi einbeitt sér að málum einstaklinga á starfsemi í Kópavogi. Á ég von á því að hópurinn muni mjög fljótlega einnig skoða málefni einstaklinga í Arnarholti.

Ljóst er, að í tillögum Landspítalans er gert ráð fyrir að allir vistmenn yrðu færðir frá Arnarholti. Í ljósi þess að áður nefndur starfshópur mun skoða málið nánar þá tel ég ekki rétt að geta nánar um fjölda einstaklinga, sem gætu notað hin ýmsu úrræði, sem í boði geta verið, en ljóst er, að leitað mun allra ráða til að finna bestu mögulegu úrræði fyrir hvern og einn, þar með talin félagsleg úrræði.

Virðulegi forseti.

Ég vona að þetta upplýsi háttvirtan þingmann um stöðu mála sjúklinga á Arnarholti.

(Talað orð gildir)

